



Félag atvinnurekenda og Málflutningsstofa Reykjavíkur hafa kynnt lausn á vanda fyrirtækja vegna öfugs samruna fyrir stjórnvöldum.

Fyrirtæki Beðið er eftir bindandi álit skattayfirvalda

Vinda ofan af öfugum samruna

Hægt er að vinda ofan af öfugum samruna með einföldum og hagkvæmum hætti, að sögn Páls Rúnars M. Kristjánssonar. Fjöldi fyrirtækja hafa fengið á sig endurálagningu vegna fyrirkomulagsins.

EDDA HERMANSDÓTTIR
edda@vb.is

Akveðin lausn á vanda sem fylgir öfugum samruna hefur verið kynnt stjórnvöldum og er næsta skref að leita bindandi álit skattayfirvalda á því hvort lausnin sé tæk að þeirra mati, segir Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri FA.

Algengt var á árum áður að fjárfestar stofnuðu nýtt félag sem keypti allt hlutafé í því félagi sem fjárfestar höfðu áhuga á. Kaupin voru síðan fjármögnuð með lán-töku móðurfélagsins og í kjölfarið voru félögin tvö sameinuð með öfugum samruna. Tilgangurinn með þessu var að nýta fjármagnskostnað af lánunum til að lækka tekjuskattstofn hins sameinaða félags. Öfugur samruni sem þessi tíðkast almennt ekki lengur eftir athugasemdir frá ríkisskattstjóra og eftir að dómur féll í máli Toyota á Íslandi og Sambærja í Hæstarétti. Það var dæmt ólögmætt að draga vaxtagjöld, sem féllu til vegna láns sem móðurfélag tók til að fjármagna kaup á hlutabréfum í dótturfélagi, frá skattskyldum tekjum dótturfélags.

Tappi í gatið

Í framhaldi höfðaði Toyota mál gegn Deloitte vegna ráðgjafar fyrirtækisins um öfugan samruna. Páll

Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður á Málflutningsstofu Reykjavíkur, hefur unnið að þessari lausn í samstarfi við FA. En Páll segir hún komi þó ekki til með að hafa áhrif á þau málaferli sem þegar eru hafin. Hann segir hins vegar að með þessari lausn sé verið að vinda ofan af þessum samrunum og þannig sé settur tappi í gatið. Það sé því reynt að koma í veg fyrir að tjónið aukist sem sé öllum til hagsbóta. „Við teljum okkur vern komin með ákveðna lausn sem leysir úr þessum svokallaða framfarvanda sem þarna er upp kominn. Sú lausn felur það í stuttu máli í sér að vinda ofan af samrunanum með því að nota þær aðferðir sem félagarétturinn hefur upp á að bjóða. Verða þar lögð til grundvallarmál tveggja fyrirtækja sem eru í þessari stöðu. Gangi þetta eftir, eins og við búumst fastlega við, þá geta önnur fyrirtæki fetad sömu braut,” segir Páll Rúnar. Hann segir framkvæmdina vera tilkölulega einfalda og hagkvæma. Búið er við að

svör fái frá skattayfirvöldum ekki síðar en í vor.

Deloitte veitti Toyota ráðgjöf á sínum tíma vegna öfugs samruna en endurálagningin hjá Toyota vegna málsins nam 93 milljónum króna. Fleiri fyrirtæki undirbúa nú svipuð mál þar sem farið er fram á bætur frá ráðgjöfum og talið er að kröfurnar nemi hundruð milljóna króna. Auk þess að félögin sæti endurákvörðun ríkisskattstjóra á skattlagningu standa félögin frammi fyrir því að ef rekstri þeirra er haldið áfram með óbreyttu sniði þá verði að gera ráð fyrir hærrí skattgreiðslum en áður, þar sem ekki er unnt að lækka tekjuskattstofn með því að draga vaxtagjöld frá. Páll segir þetta vandamál valda miklu óhagráði hjá þessum félögum auk þess að samkeppnisstaða þessara aðila versni samanborið við önnur fyrirtæki sem fóru til að mynda þá leið að samskatta móðurfélagið með dótturfélaginu í stað þess að sameina þau.

Hagsmunamál fyrir mörg fyrirtæki

Félag atvinnurekenda hefur bent á að þessi niðurstaða sé ósanngjörð auk þess sem að í henni felist mikið óhagráði. „Þetta er ákveðið sanngímismál. Fyrirtækin voru í góðri trú og til voru ábrar aðferðir sem skiluðu sömu skattalegu niðurstöðu. Þessi fyrirtæki hafa nú tekið á sig ákveðið högg sem felst í endurálagningu skatta með álagi þar á. Það verður ekki aftur tekið en til framtíðar lítið verður að tryggja að rekstrarumhverfið sé eðlilegt og að þar sé jafnræðis gætt. Fundur okkar með fjármálaráðherra var okkur mikil hvatning og ljóst að þar eru menn vel meðvitadír um stöðuna og opinir fyrir lausnum. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir mörg fyrirtæki og mikilvægt að allir séu fókuseraðir á að finna lausn á vandanum,” segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

